

Reykjanesfólkvangur(RF) ; skýrsla landvarðar 2011.

Undirritaður hóf störf þann 1 maí , helstu verkefni sem lágu fyrir voru vatnslögn í Seltúni, tengja vatn og lokafrágangur í Krókamýri, lagfæring skilta og uppsetning.

Á fundi í apríl með framkvæmdasviði Hafnarfjarðar þar sem mætt voru undirritaður ásamt formanni RF Sverri Bollasyni ,Helgu Stefánsdóttur forstöðumanni og Degi Jónssyni vatnsveitustjóra var samþykkt bráðabirgða yfirborðs vatnslögn frá Arnarvatni í Seltún.

Strax var hafist handa við að skipuleggja og hanna lögnina, farnar voru vettvangsferðir og hófust framkvæmdir 16/5.

Frá 1/5- 15/5 voru farnar daglegar vettvangsferðir um RF og öll svæði skoðuð og metin m.a ástand vegna og slóða (frost var enn í jörðu) rusl á svæðinu,skilti og gróðurþekja osfv. Almennt má segja að RF hafi komið vel undan vetri, þó þar svæðið þess víða merki að hafa verið notað , álags skemmdir við skoðunarstaði, mikið rusl var víða, ummerki eftir utanvegaakstur og þær framkvæmdir sem stóðu yfir í sambandi við vegaf framkvæmdir voru áberandi. Gróðurfar var í góðri ásýnd eftir tvö góð sumur undangengin, helst má nefna skemmdir eftir vatnsrof í Norðlingahálsi eftir mikið vatnsveður í byrjun janúar, veðrunarrof í og við Núpshlíðarháls, mikið rof við Leiðarenda á mosa og stöðuga eyðingu mosa og gróðurs eftir utanvegaakstur frá Höskuldarvöllum yfir Selsvallafjall og eftir Sveifluhálsi, áberandi er mikill og góður viðgangur gróðurs í upplandi Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Almennt var ástand vegakerfis mjög slæmt.

Seltún : Vinna við vatnslögn hófst 16 maí þá mætti Ragnar Jónsson verkstjóri ásamt öflugri sveit frá vatnsveitu Hafnarfjarðar með tæki og tól og því efni sem þurfti í 1,5 km lögn. Vatn var komið á salerni samdægurs og að loknum lagfæringum á salernum voru þau opnuð 18/5. Á þeim köldu vordögum sem ekki lauk fyrr en í annari viku júnímánaðar var talsverðum erfiðleikum bundið að halda vatnsþrýstingi stöðugum m.a fraus í tvígang og lofttæming var erfið. Samtals voru farnar sjö ferðir með mannskap tæki og tól á fjallið í sumar og var það ekki fyrr en um mán/mót júlí/ágúst að endanleg lausn var fundin og lögnin því sjálfbær. Af þessum sökum þurfti að taka vatn af húsum í þrígang að kvöldi dags og var komið á fyrir hádegi daginn eftir, að öðru leyti voru salerni í lagi allan sólarhringinn frá 18/5 til 1/10 er þeim var lokað og gengið frá vatnslögn og húsum fyrir veturinn.

Landvörður hafði daglega viðveru í Seltúni oftast á bilinu frá 09-14 en að amk einu sinni í viku var það seinnipartur 16-18. Daglega voru wc þrifin og ruslatunna tæmd gengið um svæðið og hreinsað. Borðum var komið fyrir á pallinum við Skálann og myndaðist strax mikil viðvera fólks, blíðviðri var flesta daga sumars og lágu upplýsingabæklingar á borðum, veittar voru upplýsingar um svæðið ,stóra kortið í skálanum nýttist vel, og má segja að daglega hafi einstaklingar og hópar nýtt sér leiðsögn um gönguleiðir í nágrenni Seltúns t.d í Stórahver/Austurengjar og um Ketilstíg að Arnarvatni og hverasvæðið í fjalllendi fyrir ofan Seltún.

Skálinn/þjónustuhús var vel nýttur í sumar, fyrst og fremst sem aðstaða fyrir landvörð og þann búnað sem svæðið þarf á halda en ekki síst fyrir þá vinnuhópa sem ýmist gistu eða nutu aðstöðu húsa, áætlaðar gistinætur í skála voru um 25. Samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs nýtti aðstöðuna fram í miðjan júní en þá komu hópar frá UST og dvöldu viku í senn og unnu mikið og gott starf á hverasvæðinu og í viðhaldi húsa.

Almennt um svæðið má segja að sú mikla vinna sem fram hefur farið sl tvö ár skilar svæðinu því sem næst sjálfbæru til framtíðar, þó er ljóst að til þess að svo megi verða þarf að sinna öllum innviðum Seltúns af krafti og vinnusemi. Verkefni næsta árs mætti t.d. nefna , nýr stígur er að myndast í tengslum við hverinn Pínir, fjölga wc um tvö, uppvöskunaraðstaða fyri húsbíla og tjaldbúa og varanlega vatns/rafmagns lögn.

Haldin var dagbók og fór fram skráning á gestafjölda í Seltúni í samræmi við viðveru landvarðar (sjá töflu) einnig verður notast við talningu vegagerðar á krýsuvíkurvegi neðan Seltúns.

Seltún er sá viðkomustaður þar sem mestur fjöldi gesta hefur áningu, fyrst og fremst til þess að skoða hverasvæðið og er viðvera c.a ½ tími, mikil fjöldi dvelur u.þ.b 2 tíma og gengur um svæðið. Daglega eru húsbílar með viðveru frá 1-24 tíma og nokkuð var um að bakpoka og hjólafólk sló upp tjaldi á svæðinu , því voru verkefnin margvísleg og skv dagbók í stuttri upptalningu , slys/sjúkrabíll x2, aðstoð/bílar x7, lögregla x3, o.s.f.v. Unnið var að því í samstarfi við Rögnvald Ólafsson að koma fyrir teljara á svæðið það hafðist ekki í sumar .

Krókamýri : Vatnslögn var tengd 27/5 og salerni opnuð og gerð klár.Var aðkoma að svæðinu mjög góð. Fyrstu tjaldgestir voru um helgina 4-5 /6 og undanskildum tveimur helgum sumars (vegna veðurs) voru gestir í Krókamýri fram til mán/mót ág/sept, voru m.a lítill ættarmót og hestamenn, mest var um Íslendinga einungis lítið brot af útlendum gestum. Smíðaður var pallur umhverfis húsið og nýttist hann vel.Í tvígang var borin áburður á svæðið, slóðalokun löguð , skipt um vaska og eitt wc.

Ávalt var farið í Krókamýri eftir helgar , rusl fjarlæggt og salerni þriffin, að öðru leyti eftir þörfum.Gestafjöldi 250-300 manns. Utanvega akstur í hlíðum ofan tjaldsvæðis var áberandi lengi sumars .

Samhliða ofantöldum verkefnum var farið yfir öll skilti í RF sum þurftu lagfæringar við, önnur voru ónýt o.s.f.v sett voru upp 10 ný skilti við staði þar sem utanvegaaskstur hefur viðgengist.

Vegakerfi RF og slóðar sem almennt eru eknir til eftirlits eru hátt í 300km og því ógerningur að fara um svæðið á einum degi og þurfti að skipuleggja ferðir með tilliti til daglegrar viðveru í Seltúni. Skiptist svæðið nokkurn veginn í fernt, Höskuldarvellir, Norðursvæði eða uppland Hafnarfjarðar/Garðabæjar, stóri hringur Krýsuvík/Djúpavatnsleið og suðursvæði frá Selatöngum að sýslusteini/Bjargið.Hvarvetna var var tínt upp rusl og skilti ofl lagfært, þó fór mestur tími í að sinna eftirliti vegna utanvega aksturs og hafa afskipti af fólki sem taldi sig mega fara sínu fram t.d rally o.s.f.v. Ástand Djúpavatnsleiðar er ekki gott og þarfnast vegurinn verulegra úrbóta á ákveðnum stöðum. Skv dagbók er á öllum svæðum veitt aðstoð við ökutæki og leiðsögn veitt.Í framhaldi af þessari umræðu er rétt að taka fram að ákveðin tími fór í viðhald og þrif ökutækja sem landvörður lagði með sér til starfsins skv samningi.

Almennt um einstök svæði og áfangastaði innan RF , af fenginni reynslu af svæðinu í gegnum tíðina er hægt að fullyrða að aldrei hefur verið meiri umferð um RF , og eru augljósar margar skýringar t.d vegna framkvæmda , vega, rannsókna, notkunar í sambandi við beit, veiði o.s.f.v. þó er einnig ljóst að umferð fólks til útivistar hvers konar og upplifunar náttúru hefur stóraukist og glímur svæðið nú við afleiðingar vegna álags á fjölsóttustu staðina, breytir þar mestu umferð að haust og vetrarlagi. Í því sambandi er rétt að nefna Selatanga, Húshólma,Krýsuvíkurbjarg, Eldborg við Geitahlíð, Seltún, Kleifarvatn,Leiðarenda, Lambafell,Sogin (Keilir) og ekki síst vegakerfið í RF. Þrátt fyrir að vel hafi verið

unnið bæði í Seltúni og Leiðarenda þá er ljóst að „ eftirálagfæringar „ eru ekki lausnin. Vinna við Leiðarenda er nú komin vel á veg en nefna má „nýtt“ svæði eins og hverasvæðið við suðurenda Kleifarvatns sem nú er komið undan vatni og naut mikilla vinsælda í sumar.

Um dýralíf og þá aðallega fuglalíf í Rf vakti ýmislegt athygli , eitt þekkt(af 3 á skaganum) varp Smyrils er í RF og hefur verið varp amk síðustu 4 ár og reyndar lengur, í vor kom einungis annar fuglinn og hvarf hann fjótlega á brott. Á völlum í Móhálsadal er griðarstaður spóans, fjölmörg hreiður voru á svæðinu og komust ungar á legg ,í lok júlí voru nokkur þör ungalaus. Mikill fjöldi Svartbaks/máfa hélt til á völlum og víðar eftir að ber tóku að spretta.Rjúpan kom ungum á legg á nokkrum stöðum í RF og í nágrenni Hofmannaflatar var fylgst með rjúpu með 12 unga, fljótlega fór að fækka í hópnum og í lok sept voru einungis 4-5 ungar eftir. Fjölbreyttust er flóran við Krýsuvíkurbjarg mikið kom af bjargfugli í vor og settist í bergið, tilfinningin er samt sú að mun minna hafi verið á ferðinni ef miðað er við reynslu af heimsóknum til eggjatökumanna á árum áður þegar um 6000 egg voru tínd. Ekki sá undirritaður eitt einasta egg eða unga svartfugls en nokkuð var um varp hjá hvítfugli.Lundavarp við vitann heyrir nú sögunni til, Arnarfellsvatn(Bleiksmýrartjörn) var þétt setin af bjargfugli þó aðallega hvítfugli í allt sumar, fram eftir vori mátti sjá ýmsa farfugla hafa viðkomu á vatninu.Bleiksmýrin sem er stærsta votlendissvæði RF iðaði af lífi í sumar , ekki er gott að gera sér grein fyrir því hvort þar sé náttúran í jafnvægi, hitt er þó staðreynd að sennilega hefur votlendið aldrei verið jafn þurrt og nú í sumar . Ummerki eftir mink sáust við Seljabótarnef.Ljóst er að refur hefur laggt í nokkur greni í RF í vor, mikið var vart við stálpaða yrðlinga fram eftir sumri og iðulega mátti sjá dýr í Krýsuvík við Djúpavatn og Geitahlíð.Álftir komu upp ungum við Suðurenda Kleifarvatns og áberandi var fjöldi andfugla á og við vatnið.Einkennisfugl hálendisins himbrimi hafði reglulega viðkomu á Djúpavatni og Grænavatni.Vísir af krýuvarpi var við suðurenda Kleifarvatns.

Umgegni , mikið rusl var tínt og fjarlæggt úr RF í vor og voru það margir kerrufarmar af allskonar rusli og drasli ,með vegum er hefðbundið rusl sem hent er úr bílum en einnig er á ákveðnum svæðum losað í kerruförmum ýmiskonar drasl, bílhræ ofl og á það helst við um opin námusvæði (gamlar) í norðurhluta RF þ.e.a.s. í nágrenni höfuðborgarsvæðis.lítið var hægt að amast við vegagerðarmönnum en bæta þarf umgegni vegna veiðimanna við Kleifarvatn og Djúpavatn , æskilegt væri að fá fulltrúa Stangaveiðifélags Hafnfirðinga til skrafs og ráðagerða,sama gildir um Hestamannafélagið Sörla.Slæm umgengni var eftir Hvítasunnumót Skáta við Bæjarfell í vor og þarf svæðið á halda allsherjar tiltekt t.d fjarlægja girðingar ofl. Sama má segja um Húsasvæðið í Krýsuvík í heild sinni. Svæði sem hafa verið röskuð með tilliti til jarðvarmanýtingar t.d Höskuldavellir/Sogin bera merki um slæman frágang og virðist það smitast í sambandi við umgegni gesta í nærumhverfi þessara staða.

Einstök verkefni , vinna við skilti og merkingar var talsverð og bíður komandi sumars að endurskipuleggja stóran hluta vegna vegaframkvæmda sumarsins, 12 vegpóstar bíða uppsetningar og ljóst að koma þarf upplýsingaskiltum fyrir á nokkrum stöðum vegna þessa. Innkomuskilti/vörður þurfa lagfæringar/tilfærslu. Í sumar var unnið að uppsetningu upphafs skilta við þær gönguleiðir/þjóðleiðir sem stikaðar hafa verið af Ferðamálsamtökum Suðurnesja var verkefnið unnið af Girðir ehf og settu þeir einnig niður undirstöður fyrir pall í Krókamýri.

Farið var í nokkrar vettvangsferði m.a með hóp á vegum Landgræðslu Ríkisins c/o Andrés Arnalds í þeim tilgangi að vega og meta áhrif utanvegaaksturs og leiðir til úrbóta (styrktarverkefni)

Ljósmynda og kvikmyndaverkefni voru fjölmörg í sumar og gengu vel, samskipti og frágangur í góðu lagi.

Nokkur viðvik voru í tengslum við fjár/beitarhólfín og almennt um skepnuhald í RF þá gekk sumarið áfallalaust fyrir sig.

Einna skemmtilegast var að taka á móti og sinna sjálfbóðaliðum sem komu til starfa í RF í sumar tókst þar mjög vel til í öllum tilfellum, eins og áður hefur komið fram var mest unnið í Seltúni og Leiðarenda, rétt er að geta þess að eftir að formlegum störfum landvarðar lauk var unnið í tvígang með stórum hópum sjálfbóðaliða í Leiðarenda undir öruggri handleiðslu starfsmanna UST.

Slóðinn niður á Krýsuvíkurbjarg var ófær fólksbílum stærstan hluta sumars og voru fjölmargar ferðir til aðstoðar bíleigendum farnar fram á haust, undirritaður benti ítrekað hlutaðeigandi á þá staðreynd að meðan að tæki og tól ásamt opnum námum til efnistöku væru fyrir hendi væri það upplagt að lagfæra slóðann, þeir aðilar sem að því samkomulagi stóðu að slóðinn var lagfærður af Suðurverksmönnum og gerður öllum bílum fær niður á bjargbrún í lok október 2011 eiga heiður skilið.

Eitt af síðustu verkefnum var frágangur húsa í Seltúni og Krókamýri fyrir veturinn.

Talsverð samskipti voru við þá aðila sem „gera út á RF“ þá aðallega í sambandi við gönguhópa, var áhugavert að komast að því hversu mikill fjöldi nýtir sér svæðið.

Að lokum, vil ég þakka stjórn og framkvæmdaráði RF fyrir samstarfið ásamt öllum þeim fjölmörgu sem komu að vinnu og verkefnum sumarsins. Sérstakar þakkir Sverrir Bollason formaður stjórnar RF, Marín Hrafnisdóttir ferða og menningarfulltrúi Hafnarfjarðar, forsvarsmenn og starfsfólk framkvæmdasviðs/þjónustusviðs og vatnsveitu Hafnarfjarðar .Ólafur A Jónsson og Chas Goemans hjá UST. Vatnskarðsnámur ehf og Girðir ehf.

Óskar Sævarsson. gsm 6627303